

Titill: "Gratulation"

1 **Gratulation**

[Gratulation. Hamburg 1628.]

Útgáfustaður og -ár: Hamborg, e.t.v. 1628
Tengt nafn: Þorlákur Skúlason (1597–1656)

Varðveislusaga: Í Landsbókasafni er varðveitt brot úr heillaóskakvæði á latínu til Þorláks Skúlasonar þegar hann varð biskup. Um höfund er ekki vitað.

Efnisorð: Bókmenntir ; Kveðskapur / Kvæði ; Tækifæriskvæði

Bókfræði: Halldór Hermannsson (1878–1958): Bibliographical notes, *Islandica* 29 (1942), 75.

Rafrænn aðgangur: <https://baekur.is/bok/1f51bd2a-53ca-4e06-9a92-dab30fe90efb>

2 Guðmundur Teitsson (1719–1747)

Einföld ráðlegging, auðmjúk gratulation, skyldug lukkuósk

Einföld Ráðlegging, | Audmiuk GRATULATION, | Skyldug Lucku-Osk, | Þegar | Vel-Edla, Hæ-Æruverdugar[!] og Hælærdur | Herra | HALLDOR BRYNJULFSSON, | Fyrrum Profastur i Snæfellsness- og Hnappadals-Sylum og Sooknar Prestur ad Stadastad, | enn nu Biskup Hoola-Stiftes i Islande, var til sama sins ypparlega Biskups-Embættes med stoorre vyr- | dingu og pryde Innvygdur i Vorrar Frur Kyrkiu hier i Kaupmannahöfn sialfa | Mariumessu aa Langaföstu Aared M.DCCXLVI. | Frammsøgd i undergiefne | af | Hans Hæ-Æruverdugheita | audmiukasta Þienara | GUDMUNDE TEITSSYNE. | ... [Á blaðfæti:] Þricket i Kaupmannahöfn hia Ernst Henrich Berling.

Útgáfustaður og -ár: Kaupmannahöfn, 1746
Prentari: Berling, Ernst Henrich (1708–1750)
Tengt nafn: Halldór Brynjólfsson (1692–1752)
Umfang: [1] bls. 35,7×31,7 sm.

Varðveislusaga: Eitt eintak þekkt er í Þjóðbókasafni Skota í Edinborg.

Efnisorð: Bókmenntir ; Kveðskapur / Kvæði ; Tækifæriskvæði ; Einblöðungar